

Ár:	3. ár.
Önn:	Haustönn.
Stig námskeiðs:	Grunnnám, framhaldsnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Skyldunámskeið allar námsbrautir TF.
Undanfarar:	Engir undanfarar.
Skipulag:	Kennt alla virka daga í 3 vikur skv. sérstakri stundaskrá.
Umsjónarkennari:	Hera Grímsdóttir.
Kennari:	Birt í Canvas (kennslukerfi HR).

Lærdómsviðmið: Gert er ráð fyrir að nemandi hafi að námskeiðinu loknu eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni:

Þekking: Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan fræðigreinar eða starfsgreinar. Í því felst að nemandi:

- Hafi góðan skilning á verkefnastjórnun, helstu kenningum auk innsæi í hugtök og aðferðir sem þróaðar hafa verið á sviði verkefnastjórnunar.
- Hafi góðan skilning á þætti verkefnavinnu og verkefnastjórnunar í rekstri fyrirtækja.
- Þekki hvernig útboðsgögn eru uppbyggð og kynnist mismunandi útboðsformum.
- Þekki grunnatriði eftirlits með framkvæmdum/verkefnum og notkun gæðakerfa við framkvæmdir.
- Þekki undirstöðuatriði verk- og kostnaðaráætlana
- Hafi skilning á uppbyggingu tilboða í framkvæmdaverkefnum.
- Hafi skilning á verktryggingum og uppbyggingu verksamninga.
- Þekki undirstöðu atriði kostnaðar í tengslum við launatengd gjöld og útselds taxta.
- Þekki ÖHU áætlanir (öryggi, heilbrigði og umhverfi) á vinnustöðum í samræmi við leiðbeiningar Vinnueftirlitsins.

Leikni: Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar. Í því felst að nemandi:

- Geti notað hugbúnað og tækni sem nýta má við verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Geti útbúið útboðsgögn.
- Geti útbúið samningsgögn í framkvæmdaverkefnum.
- Geti notað vísitölur við núvirðisútreikninga við tilboðsgerð og kostnaðaráætlunir.
- Geti beitt viðurkenndum aðferðum við eftirlitsverkefni.
- Geti rökstutt tilboðsáskvarðanir á praktískum grunni.
- Geti lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem nýttar eru
- Greini hvenær þörf er á upplýsingum og hafi færni til finna þær, meta áreiðanleika þeirra og nýta á viðeigandi hátt
- Geti nýtt sér viðurkennd gagnasöfn og staðla í framkvæmdaverkefnum.
- Þekki helstu þætti er lúta að stjórnun verkefna með tilliti til tíma, kostnaðar og gæða.

Hæfni: Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi. Í því felst að nemandi:

- Geti gert kostnaðaráætlunir og unnið að tilboðgerð í hefðbundnum framkvæmdaverkefnum.
- Fái góðan skilning á því hvernig vinna við framkvæmdafræði er útfærð með vinnu í raunverkefni.
- Hafi þróað með sér hæfni og vinnubrögð fyrir gerð útboðsgagna.
- Hafi grunn í gerð verkáætlana í framkvæmdaverkefnum.
- Geti unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, gert verkáætlun og fylgt henni.
- Hafi hæfni í magntöku og afkastaútreikningum.
- Geti tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verkþópa.
- Geti skipulagt vinnusvæði í tengslum við öryggi.

Lýsing:

Verkefnastjórnun: Yfirlit yfir verkefnastjórnun. Samræming verkefna við stefnu og stjórnun skipulagsheildar. Val á verkefnum. Lífshlaup og einkenni verkefna. Markmið, verkgreining, sundurliðun verkþátta og flæðirit. Áætlanagerð, aðfangastýring, ms project – grunnur. Lágmarkun verkefnatímans, áhættustýring. Ms project – aðföng. Verkkaupinn, verkefnastjórinn, verkefnateymið, hagsmunaaðilar. Prince2 og aðrar aðferðir. Hvernig velja á milli verkefna. Ms project – framvinda.

Framkvæmdafræði: Útboðsgögn, hönnun á mismunandi stigum, verklýsingar, magnskilgreiningar og magnskrár. Útboðsform, alútbod, útbod eftir fullnaðarhönnun, hlutaútbod o.fl. Kostnaðaráætlanir, gerð áætlana, forsendur, óvissa, framsetning. Útbod, kynning/auglýsingar, útbodstími, opnun tilboða. Tilboðsgerð, kostnaðarþættir, gagnaöflun, uppbygging einingaverðs, magntaka, áhætta, óvissa, hagnaður. Verksamningar, mat tilboða, taka tilboðs, tilboði hafnað, samningar. Eftirlit, form eftirlits, skipulag, verkfundir, samskiptaform, upplýsingaflæði o.fl. Gæðakerfi, grunnatriði, gæðahandbók, dæmi um notkun og ávinning gæðakerfis. Uppgjör og ágreiningur.

Lesefni: Birt í námskeiðinu í Canvas.

Kennsluaðferðir: Kennt alla virka daga í 3 vikur skv. sérstakri stundaskrá. Fyrirlestrar og verkefnatímar. Framkvæmdaverkefni felst í að bjóða í verk á viðkomandi fagsviði og skipuleggja það. Nemendur skila af sér tilboði og verkáætlun og verja síðan verkefnið. Unnið verður í hópum með 3-4 í hóp, kennarar raða nemendum í hópa.

Námsmat: Birt í námskeiðinu á Canvas.

Tungumál: Íslenska.